

Hverfisnefnd Naustahverfis

1. fundur nýrrar nefndar haldinn á Naustatjörn 10. júní 2008.

Mættir voru Bjarni Sigurðsson, Ólöf Inga Andrésdóttir, Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Sigurður Sveinn Ingólfsson, Gísli Rúnar Magnússon og Ásdís Birgisdóttir.

Aðalefni þessa fundar var að koma sér saman um verkaskiptingu þessarar nýju nefndar. Ákveðið var að Hrafnhildur Elín myndi taka að sér formennsku í nefndinni, Bjarni yrði varaformaður og Ásdís ritari. Ákveðið var að ekki yrði fundað í sumar þar sem erfitt yrði að finna tíma þar sem allir yrðu á svæðinu. Næsti fundur yrði boðaður af formanni síðsumars.

Mikil umræða skapaðist um grendarvöll við Mýrartún þar sem nefndin hafði lengi vel staðið í þeirri meiningu að þökuleggja ætti völlinn. Sú var ekki raunin og hefur nú verið sáð í þennan völl og hann ekki nothæfur í sumar, íbúum til mikillar gremju. Fram kom að börn í hverfinu hafa engan stað til að hittast á og kynnast og eru íbúar margir hverjir orðnir langeygir eftir slíkum stað. Rætt um félagslega einangrun barna sem mörg hver eru í skóla í Glerárhverfi og æfa jafnvel með íþróttafélögum utan ár.

Rætt var um hvenær ætti að breyta innkeyrslum í hverfið.

Ræddum um hvort við ættum að skipuleggja dag þar sem íbúum gæfist tækifæri til að hittast og kynnast. Ekki varð úr að ákveðinn yrði dagur en hugmyndinni vel tekið.

Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið.